

Borgarbyggð  
b/t Sigurður Friðgeir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 11. júní 2019  
UST201905-363/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Sólbakki athafnasvæði í Borgarnesi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólbakka sem er athafnasvæði í Borgarnesi.

Í greinargerð kemur fram að ástæður breytinganna er aukin eftirspurn eftir minni athafnalóðum en gert er ráð fyrir. Breytingin gengur út á að tveimur óbyggðum lóðum á athafnarsvæðinu við Sólbakka lóðum 24 og 26 er skipt upp í fjórar lóðir.

#### **Skilgreining á landnotkun**


Í 1. gr. á breytti greinargerð segir: „*Á hverri lóð er heimilt að vera með starfsemi er fellur undir notkunarflokkinn athafnasvæði þ.e. verksmiðjur, verkstæði, vörugeymslur, gámastöð, skrifstofur, verslanir o.s.frv.*“

Umhverfisstofnun bendir á að óljóst er hvað er átt við með að heimilaðar verða verksmiðjur og gámastöð.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er gert ráð fyrir verksmiðjum á iðnaðarsvæðum.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að í gr. 5.3.2.16 skipulagsreglugerðar þar sem fjallað er um gámasvæði og sorpgerðir segir: „*Innan hverfa skal gera ráð fyrir grenndargánum, þ.e. gánum fyrir flokkaðan úrgang, svo sem pappír og plast. Afmarka skal og setja ákvæði um hámarksflatarmál gámasvæðis á lóð og hámarkshæð gámasamstæðu. Þar sem þörf er á gámasvæðum eða sorpgerðum á lóðum utan hefðbundinna atvinnusvæða skal staðsetja þau á baklóðum eða í aflokuðum rýmum. Gera skal grein fyrir afmörkun þeirra á uppdrætti.*“

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt skipulagsreglugerð er athafnasvæði skilgreint sem „*svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnaðast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í fór með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.*“



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur